


**TÓNMENNTAKENNSLA  
Í GRUNNSKÓLUM**

skólaárið 2002–2003



**Menntamálaráðuneytið**

júní 2003



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## **Tónmenntakennsla í grunnskólum skólaárið 2002-2003**

*Niðurstöður könnunar í febrúar – mars 2003*

**Menntamálaráðuneytið**  
**Júní 2003**

**Menntamálaráðuneytið: rit 6**

Júní 2003

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhóls götu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 545 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneytið

Kápuhönnun: ABX ehf

Prentun: Prentsmiðja Hafnarfjarðar ehf.

© 2003 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-777-02-8

# Efnisyfirlit

Formáli .....	5
1. Stefna í tónmenntakennslu í grunnskólum .....	6
2. Tónmenntakennsla í grunnskólum .....	7
2.1 Fjöldi kennslustunda í tónmennt .....	9
2.2 Tónmennt sem valgrein í 9. og 10. bekk .....	10
2.3 Menntun tónmenntakennara .....	11
3. Niðurstöður .....	13
Viðauki .....	14
Heimildaskrá .....	17



## Formáli

Menntamálaráðuneytið lét í febrúar 2003 gera könnun á tónmenntakennslu í grunnskólum skólaárið 2002-2003. Var könnunin gerð í framhaldi af umfjöllun samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar um málefni tónmenntakennslu í grunnskólum.

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvernig staðið er að tónmenntakennslu í grunnskólum. Aðaláhersla var á öflun upplýsinga um tímafjölda í hverjum árgangi og menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum.

Könnunin var send með tölvupósti í alla grunnskóla landsins. Tölvupósturinn barst til 185 grunnskóla en 8 netföng voru ekki virk þegar könnunin var gerð. 137 grunnskólar svöruðu könnuninni eða 74,1% þeirra skóla sem fengu könnunina í hendur. Könnunin byggðist á 6 spurningum (sjá viðauka bls. 14). Skiladagur svara var 4. mars 2002 en síðustu svör voru að berast allan mars mánuð. Sendar voru þrjár ítrekanir með tölvupósti.

Könnunin var unnin af fyrirtækinu Vefur samskiptalausnir ehf. í samráði við menntamálaráðuneytið. Mats- og eftirlitsdeild tók saman efni þessarar skýrslu sem einnig er að finna á vef menntamálaráðuneytisins, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is), undir *Útgefið efni* (Útgefin rit og skýrslur). Í skýrslunni er að finna heildarniðurstöður könnunarinnar en ekki niðurstöður fyrir einstaka skóla.

# 1. Stefna í tónmenntakennslu í grunnskólum

Í viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta, er gert ráð fyrir að nemendur í 1.- 8. bekk grunnskóla fái 4 kennslustundir á viku í listgreinum. Samtals eiga því grunnskólanemendur í öllum bekkjardeildum að fá 32 vikulegar kennslustundir í listgreinum eða 11% af bundnum stundum skv. námskrá (Menntamálaráðuneytið, 1999a, bls. 29).

Listasvið tekur til fimm listgreina. Sviðið skiptist í dans, leikræna tjáningu, myndlist, textílmenn og tónmennt. Í grunnskóla eru myndlist, textílmenn og tónmennt sjálfstæðar skyldunámsgreinar fyrstu átta skólaárin en valgreinar á 9. og 10. ári.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir því að hver nemandi fái að jafnaði tvo kennslutíma í tónmennt á viku í 1.- 8. bekk (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 55).


Í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem fjallað er um listgreinar segir um tónmenntakennslu í 9. og 10. bekk:

„Í 9. og 10. bekk er gert ráð fyrir að tónmennt sé val. Ekkert mælir gegn því að 9. og 10. bekkingar séu saman í tónmennt. Námstilboð geta verið mjög breytileg eftir skólum og á milli ára. Einnig er hugsanlegt að nemendum standi til boða tónmenntakennsla í samþættingu við aðrar greinar (t.d. landafræði/tónlist, eðlisfræði/tónlist, tölvur/tónlist) (Menntamálaráðuneytið, 1999b, bls. 82).“

## 2. Tónmenntakennsla í grunnskólum

Samkvæmt niðurstöðum könnunar menntamálaráðuneytisins sögðust 112 af 137 grunnskólum sem svöruðu könnuninni kenna tónmennt eða 81,8%<sup>1</sup>. Hins vegar sögðust 25 grunnskólar eða 18,2% ekki kenna tónmennt.

Mynd 1. Tónmenntakennsla í grunnskólum skólaárið 2002-03



Þeir 25 skólar sem sögðust ekki kenna tónmennt voru spurðir um ástæður þess. Algengustu ástæðurnar sem skólastjórar nefndu voru þær að ekki fengist tónmenntakennari til starfa (15) og aðstöðuleysi (5). Jafnframt var nefnt að nemendur væru í tónlistarnámi annars staðar (5) og að tónmennt væri fléttuð inn í aðrar greinar (2). Nokkrir skólastjórar í grunnskólum, þar sem tónmennt var ekki kennd, nefndu að samstarf væri við tónlistarskóla í nágrenninu um tónmenntakennslu.

<sup>1</sup> Hlutfall sem kemur fram í töflum og myndum (nema í myndum 2 og 3) er reiknað út frá heildarfjölda svarenda en ekki út frá fjölda svarenda spurningarinnar.



Í töflu 1 hér að neðan má sjá stöðu tónmenntakennslu eftir landshlutum. Í töflunni eru þeir sjö grunnskólar, sem ekki fengu könnunina í hendur, taldir með skólum sem ekki svöruðu könnunni.

**Tafla 1. Staða tónmenntakennslu í grunnskólum skólaárið 2002-2003, eftir landshlutum**

	Skólar	Tónmennt kennd	Engin tónmennt	Svöruðu ekki
Reykjavík	41	26 (63,4%)	9 (22,0%)	6 (14,6%)
Reykjanes	31	25 (80,6%)	2 (6,5%)	4 (12,9%)
Vesturland	14	5 (35,7%)	0 (0%)	9 (64,3)
Vestfirðir	14	4 (28,6%)	3 (21,4%)	7 (50%)
Norðurland vestra	13	10 (76,9%)	0 (0%)	3 (23,1%)
Norðurland eystra	28	16 (57,1%)	5 (17,9%)	7 (25%)
Austurland	21	10 (47,6%)	5 (23,8%)	6 (28,6%)
Suðurland	25	14 (56,0%)	0 (0%)	11 (44%)
Einkaskólar	6	3 (50,0%)	1 (16,7)	2 (33,3)
Samtals landið allt	193	113 (58,5%)	25 (13%)	55 (28,5%)

Lágt svarhlutfall grunnskóla í nokkrum landshlutum gerir það að verkum að erfitt er að túlka upplýsingar sem fram koma í töflu 1. Þó má draga þá ályktun að grunnskólar á Reykjanesi, Norðurlandi vestra og í Reykjavík kenni tónmennt í meira mæli en grunnskólar víða á landsbyggðinni.

## 2.1 Fjöldi kennslustunda í tónmennt

Spurt var um fjölda kennslustunda í tónmennt eftir árgöngum. Niðurstöðurnar má sjá á eftirfarandi töflu:

**Tafla 2. Hlutfall skóla sem kenna tónmennt, eftir fjölda kennslustunda og árgöngum**

Bekkir	1 kennslust.	2 kennslust.	3 kennslust.	Samtals
1. bekkur	41,6%	32,1%	3,6%	77,3%
2. bekkur	38,0%	37,2%	3,6%	78,8%
3. bekkur	43,1%	31,4%	2,9%	77,4%
4. bekkur	44,5%	29,2%	2,2%	75,9%
5. bekkur	48,9%	21,2%	1,5%	71,6%
6. bekkur	48,2%	16,8%	1,5%	66,5%
7. bekkur	36,5%	10,9%	–	47,4%
8. bekkur	17,5%	4,4%	–	21,9%


Af ofangreindum upplýsingum má sjá að nemendur í yngri bekkjum grunnskólans fá að öllu jöfnu fleiri kennslustundir í tónmennt en nemendur eldri bekkjanna. Einnig má sjá að hlutfall þeirra grunnskóla sem kenna tónmennt í 7. og 8. bekk er lágt. Jafnframt má sjá að flestir grunnskólar kenna að jafnaði um 1 kennslustund á viku í tónmennt.

## 2.2 Tónmennt sem valgrein í 9. og 10. bekk

Spurt var hvort tónmennt væri valgrein í 9. og 10. bekk. Athygli skal vakin á því að 35 skólastjórar af 137 slepptu að svara spurningum sem snertu þetta efni og því var svarhlutfall við spurningunum 74,4%. Í þessu sambandi skal það tekið fram að nokkrir grunnskólar eru ekki heildstæðir og kenna eingöngu 1. - 7. bekk eða einungis 8. - 10. bekk sem hefur áhrif á svörunina.


Á mynd 2 má sjá að í 22,6% grunnskóla, sem svöruðu könnuninni, var tónmennt kennd sem valgrein í 9. bekk. Hins vegar sögðust 51,8% ekki kenna tónmennt sem valgrein í 9. bekk.

Mynd 2. Tónmennt sem valgrein í 9. bekk



Á mynd 3 má sjá að í 25,5% grunnskóla, sem svöruðu könnuninni, var tónmennt kennd sem valgrein í 10. bekk. Hins vegar sögðust 48,9% ekki kenna tónmennt sem valgrein í 10. bekk.

Mynd 3. Tónmennt sem valgrein í 10. bekk



## 2.3 Menntun tónmenntakennara

Spurt var hvort tónmenntakennari skólans væri grunnskólakennari með tónmennt sem sérmenntun, grunnskólakennari með almennt kennarapróf, leiðbeinandi eða eitthvað annað. Í töflu 3 hér að neðan má sjá vísbendingar um menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum landsins.

Tafla 3. Menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum landsins

Fjöldi kennara með:	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólakennarar með sérmenntun í tónmennt	115	55,8%
Almennt kennarapróf	43	20,9%
Leiðbeinendur	38	18,4%
Aðrir	10	4,9%
<b>Samtals</b>	<b>206</b>	<b>100%</b>

Á töflu 3 má sjá að flestir þeir sem kenna tónmennt í grunnskólum eru grunnskólakennarar með sérmenntun í tónmennt, eða 115 kennarar. Næstflestir þeirra sem kenna tónmennt eru með almennt kennarapróf, eða 43 kennarar. 38 þeirra sem kenna tónmennt eru leiðbeinendur og allnokkrir skólastjórar nefndu að þeir sem kenndu tónmennt væru með aðra menntun.

Þegar þessar upplýsingar hér að framan eru skoðaðar eftir landshlutum má sjá eftirfarandi:

**Tafla 4. Menntun þeirra sem kenna tónmennt í grunnskólum landsins, eftir landshlutum**

	Grunnskólakennari m. sérmenntun í tónmennt	Almennt kennarapróf	Leiðbeinendur	Aðrir	Alls
Reykjavík	33 (57,9%)	20 (35,1%)	3 (5,3%)	1 (1,8%)	57 (100%)
Reykjanes	33 (73,3%)	2 (4,4%)	7 (15,6%)	3 (6,7%)	45 (100%)
Vesturland	2 (28,6%)	0 (0%)	2 (28,6%)	3 (42,8%)	7 (100%)
Vestfirðir	4 (66,7%)	0 (0%)	2 (33,3%)	0 (0%)	6 (100%)
Norðurland vestra	7 (33,3%)	7 (33,3%)	6 (28,6%)	1 (4,8%)	21 (100%)
Norðurland eystra	12 (44,5%)	7 (25,9%)	7 (25,9%)	1 (3,7%)	27 (100%)
Austurland	9 (42,9%)	6 (28,5%)	5 (23,8%)	1 (4,8%)	21 (100%)
Suðurland	12 (63,1%)	1 (5,3%)	6 (31,6%)	0 (0%)	19 (100%)
Einkaskólar	3 (100%)	0 (0%)	0 (0%)	0 (0%)	3 (100%)
<b>Samtals</b>	<b>115 (55,8%)</b>	<b>43 (20,9%)</b>	<b>38 (18,4%)</b>	<b>10 (4,9%)</b>	<b>206 (100%)</b>

Af töflunni má sjá að hæst hlutfall grunnskólakennara með sérmenntun í tónlist er á Reykjanesi, Vestfjörðum, Suðurlandi, Reykjavík og í einkaskólum. Hæst hlutfall leiðbeinenda sem kenna tónmennt er á Vestfjörðum og á Suðurlandi.

### 3. Niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar sýna að tónmennt er kennd í rúmlega 80% þeirra grunnskóla sem svöruðu könnuninni (um 74%). Tónmennt virðist vera kennd í meira mæli á Reykjanesi, Norðurlandi vestra og í Reykjavík en í öðrum landshlutum. Tónmennt er að jafnaði kennd í um 1 kennslustund á viku og fá neðri bekkir grunnskólans fleiri kennslustundir en efri bekkirnir.

Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að um fjórðungur grunnskóla kenni tónmennt sem valgrein í 9. og 10. bekk en 50% grunnskóla geri það ekki (sbr. um 74% svörun við spurningunni).

Í flestum tilvikum eru það grunnskólakennarar með sérmenntun í tónmennt sem kenna tónmennt í grunnskólum landsins. Í grunnskólum á Reykjanesi, Vestfjörðum, Suðurlandi, Reykjavík og í einkaskólum er hlutfall grunnskólakennara með sérmenntun í tónlist hæst. Hlutfall leiðbeinenda sem kenna tónmennt er hæst á Vestfjörðum og á Suðurlandi.

## Viðauki

Sýnishorn af spurningum menntamálaráðuneytisins

### Upplýsingaöflun um tónmenntakennslu í grunnskólum 2002 - 2003

Með vísan í tölvupóst sem þér var sendur þann 6. febrúar síðastliðinn frá menntamálaráðuneytinu um upplýsingaöflun ráðuneytisins um tónmenntakennslu ert þú hér með beðinn um að svara eftirfarandi spurningalista. Frestur til að svara er til 21. febrúar.

Markmiðið er að afla upplýsinga um hvernig staðið er að tónmenntakennslu í grunnskólum á yfirstandandi skólaári og hvaða menntun kennarar sem kenna tónmennt hafa.

#### Athugið:

- Aðeins er hægt að svara þessari könnun einu sinni, eftir að þú ýtir á „svara“ takkann verður ekki hægt að breyta svörum eða svara aftur.
- Gætið þess að ýta ekki á Enter takkann – það svarar könnuninni og eftir það er ekki hægt að svara aftur.

 Veldu skólann þinn

 Veldu póstnúmer

 1. Er tónmennt kennd í skólanum skólaárið 2002-03?

- Já
- Nei

 1a. Ef tónmennt er ekki kennd í skólanum skólaárið 2002-03, hvers vegna ekki?

Sláðu inn svar þitt hér:

✍ 2. Hver er fjöldi kennslustunda í bekkjarkennslu á viku í tónmennt eftir árgöngum?  
**ATHUGIÐ að ekki er verið að spyrja um kórstarf. Ekki er verið að spyrja um kennarastund-  
 ir/skiptistundir heldur eingöngu um stundir sem nemendur fá.**

	1 kennslust.	2 kennslust.	3 kennslust.	4 kennslust.	5 kennslust.	6 kennslust.
1.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
2.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
3.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
4.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
5.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
6.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
7.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
8.bekkur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

✍ 3. Er tónmennt valgrein í 9. bekk?

Já

Nei

✍ 4. Er tónmennt valgrein í 10. bekk?


Já

Nei

✍ 5. Sláðu inn fjölda þeirra tónmenntakennara skólans sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

	1	2	3	4	5
Fjöldi grunnskólakennara með sérmenntun í tónmennt er:	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjöldi grunnskólakennara með almennt kennarapróf er:	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjöldi leiðbeinanda sem kenna tónmennt er:	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjöldi annarra sem kenna tónmennt er:	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>



 5 a. Ef möguleikinn „Fjöldi annarra sem kenna tónmennt er:“ hefur verið valinn, vinsamlegast tilgreinið menntun þeirra.

Sláðu inn svar þitt hér:

 6. Annað sem skólastjóri vill koma á framfæri vegna tónmenntakennslu við skólann.

Sláðu inn svar þitt hér:

 Bakgrunnsbreytur

 Nafn þitt

:

 Starfsheiti

:

Svara

## Heimildaskrá

Menntamálaráðuneytið (1999a). *Aðalnámskrá grunnskóla - Almennur hluti*. Reykjavík: Gutenberg.

Menntamálaráðuneytið (1999b). *Aðalnámskrá grunnskóla - Listgreinar*. Reykjavík: Gutenberg.